

3450. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 18. febrúar 2021 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakef Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fundurinn fer fram í fjarfundi og samþykkja fundarmenn fundargerðina með rafrænum hætti í lok fundar.

Fyrir tekið:

1. 2102135 - Fundargerðir 2021 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands ýmsar tilkynningar og samskipti vegna breytinga

165. fundargerð Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 10. febrúar 2021.

Lagt fram.

2. 2101126 - Úttekt á rekstri og fjárhag Akraneskaupstaðar

Bæjarráð fékk kynningu á tillögum/tilboðum vegna fyrirhugaðrar úttektar á rekstri og fjárhag Akraneskaupstaðar frá fulltrúum HLH ráðgjafar, KPMG og PwC á síðasta fundi ráðsins þann 11. febrúar sl.

Bæjarráð fresti afgreiðslu málsins og er því málið lagt fyrir á ný.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að ganga til samninga við KPMG um sjálfstæða úttekt með það að markmiði að koma með tillögur að hagræðingu í stjórnsýslu, fjármálum og rekstri sveitarfélagsins.

Bæjarráð þakkar tilboðsgjöfum fyrir þeirra tilboð.

Samþykkt 3:0

3. 2012167 - Vesturgata 57 - Hársnyrting Hinriks (rakarastofa)

Erindi Hinriks Haraldssonar um forkaupsrétt á Vesturgötu 57.

Bæjarráð þakkar erindið en sér ekki möguleikann á nýtingu húsnæðisins til lögbundinnar þjónustu sveitarfélagsins og hafnar því erindinu.

Samþykkt 3:0

4. 2102138 - 80 ára afmælisnefnd Akraneskaupstaðar

Þann 1. janúar árið 1942 fékk Akraneskaupstaður kaupstaðarréttindi og þann 26. janúar sama ár var fyrsti fundur bæjarstjórnar Akraness.

Akraneskaupstaður fagnar því 80 ára afmæli þann 1. janúar árið 2022.

Bæjarráð óskar eftir að menningar- og safnanefnd geri ráð fyrir viðburðinum í sínum áætlunum vegna ársins 2022.

Samþykkt 3:0

5. 2102153 - Íbúakönnun landshlutanna - Vesturland

Niðurstöður Íbúakönnunar landshlutanna fyrir Vesturland.

Lagt fram.

6. 2102052 - Stofnframlög ríkisins til bygginga eða kaupa á húsnæði á vegum sveitarfélaga 2021

Undurbúningur vegna fyrirhugaðrar umsóknar um uppbyggingu húsnæðis vegna fólks með fötlun - stofnframlagsumsókn

Bæjarráð samþykkir að lögð verði fram umsókn um stofnframlag til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar í samstarfi við Leigufélag aldraðra hses. sbr. meðfylgjandi gögn.

Samþykkt 3:0

7. 2102144 - Æðaroddi 40 - umsókn um byggingarlóð

Umsókn um úthlutun byggingarlóðar.

Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar við Æðarodda 40 til umsækjanda.

Samþykkt 3:0

8. 2102010 - Umsókn í framkvæmdasjóð aldraðra 2021

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti á fundi sínum þann 3. febrúar sl. að leggja til við bæjarstjórn að sótt verði um framlag í Framkvæmdasjóð aldraðra fyrir árið 2021 vegna uppbyggingar á þjónustumiðstöð á Dalbraut.

Ráðið fól sviðsstjóra að vinna umsókn í samráði við skipulags- og umhverfissvið og vísa til samþykktar í bæjarstjórn.

Bæjarráð samþykkir að unnið verði áfram að undirbúningi umsóknar í Framkvæmdasjóð aldraðra vegna uppbyggingar þjónustumiðstöðvarinnar á Dalbraut 4. Frestur til að skila inn umsóknum er til 1. mars næstkomandi.

Samþykkt 3:0

9. 2001138 - Höfði - endurbætur - umsókn í Framkvæmdasjóð aldraðra

Framkvæmdasjóður aldraðra hefur opnað fyrir umsóknir vegna framkvæmda árið 2021.

Fyrir liggur vilji hjá stjórn Höfða til að sækja um að nýju en bæjarráð taldi á fundi sínum þann 29. október 2020 m.a. ekki forsvaranlegt að fara í verkefnið án nýrrar umsóknar miðað við þær breyttu forsendur sem blöstu við eftir endurskoðun kostnaðaráætlunar.

Bæjarráð samþykkir að unnið verði áfram að undirbúningi umsóknar í Framkvæmdasjóð aldraðra vegna endurbóta á Höfða.

Frestur til að skila inn umsóknum er til 1. mars næstkomandi.

Samþykkt 3:0

10. 2102279 - Aðgangur FEBAN að Bjarnalaug

Bæjarráð samþykkir óbreytt fyrirkomulag um aðgengi FEBAN að Bjarnalaug til samræmis við fyrirliggjandi áralanga hefð.

Bæjarráð telur mikilvægt og nauðsynlegt að styrkveitingin verði réttilega færð í bókhaldi Akraneskaupstaðar og felur sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs frekari úvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

Næsti fundur bæjarráðs verður fimmtudaginn 25. febrúar næstkomandi kl. 08:15.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:47.